

GJALDSKRÁ

fyrir Slökkvilið Sandgerðisbæjar.

1. gr.

Inngangur.

Lög um brunavarnir nr. 75 frá 1. janúar 2001, kveða m.a. á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun.

Slökkvilið Sandgerðisbæjar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað hlutastarfandi slökkviliðsmönnum.

Slökkvilið Sandgerðisbæjar (SLS) fer með brunavarnir í Sandgerðisbæ, er í eigu og er rekið af sveitarfélaginu Sandgerðisbæ.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar fer með fjárhagslega ábyrgð.

Bæjarstjóri er næsti yfirmaður slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri Slökkviliðs Sandgerðisbæjar. Þjónustusvæði SLS er allt yfirráðasvæði sveitarfélagsins Sandgerðisbæjar.

Verkefni SLS eru margvísleg og ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal SLS taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal SLS taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 8.219 krónur og tekur mið af gjaldskrá Brunavarna Suðurnesja. Einnig getur bæjarstjórn tekið sérákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

Gjaldskráin endurskoðast í nóvember ár hvert.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almanna-hagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SLS eru sett í stofnskrá. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnáskrá um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtu-fyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi.

Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Van-greidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarnaverkefna á vegum SLS.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskráin er einnig samþykkt af fagráði, þ.e. húsnæðis-, skipulags- og byggingarráði og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskráin skal uppfærð í febrúar og ágúst ár hvert og breytingar miðast við gjaldskrá SLS hverju sinni.

Sandgerðisbæ, 17. apríl 2009.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2009